Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Frístundadeild-Menntasvið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

JEMEN

Ytra mat Jemen

Framkvæmd umbóta

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Umbótaáætlun í félagsmiðstöðinni Jemen vegna ytra mats.

Ytra mat fór fram í félagsmiðstöðinni Jemen, félagsmiðstöðvar við Lindaskóla. Matið var framkvæmt að mestu í febrúar 2020 og svo framhaldið í nóvember 2022 en hlé varð á framkvæmd vegna Covid 19 faraldursins og mun það óhjákvæmilega hafa einhver áhrif á niðurstöður matsins. Matið er framkvæmt af einum utan að komandi matsaðila með uppeldis og menntunarfræði bakgrunn, sem ekki starfar hjá Kópavogsbæ. Auk þess sem verkefnastjóri á Grunnskóladeild Kópavogsbæjar tók þátt í vettvangsheimsóknum og viðtölum. Matið byggir á tveimur vettvangsheimsóknum, viðtölum við forstöðumann, starfsfólk og unglinga sem sækja félagsmiðstöðina. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að vinna að framförum og umbótum auk þess að hlúa að því sem vel er gert. Matið er gert út frá viðmiðum um gæði í frístundastarfi sem eru mótuð af deildastjóra frístundadeildar og verkefnastjóra. Einnig voru matsferli annarra sveitarfélaga höfð til hliðsjónar.

Matið tekur til fjögurra þátta:
Stjórnun
Frístundastarf
Mannauður
Staðarbragur

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

STJÓRNUN						
Umbótaþættir	**Markmið með umbótum**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgð**	**Endurmat**	**Viðmið um árangur**
Kynna gátlista og móttökuáætlanir í starfi félagsmiðstöðvarinnar og starfsáætlun starfsstöðvar.	Að gera starfsfólk meðvitaðra um leiðbeiningar í starfi	Deildarstjóri fylgir eftir með stjórnanda og fer yfir á skipulagsdegi stjórnenda, og Velkomin til starfa þar sem starfsfólk er betur kynnt fyrir ýmiskonar leiðbeiningum í starfi.	Maí-ágúst 2023	Deildarstjóri Forstöðumaður	Ágúst 2023	Spyrja starfsfólk um vitneskju þeirra um gátlista, leiðbeiningar og móttökuáætlanir í starfi á skipulagsdegi hlutastarfsmanna.

FRÍSTUNDASTARF						
Umbótaþættir	**Markmið með umbótum**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgð**	**Endurmat**	**Viðmið um árangur**
Verið að vinna að því að upplýsingar um starfsemi félagsmiðstöðvar verði á heimasíðum skólanna.	Betra aðgengi að upplýsingum um félagsmiðstöðina fyrir foreldra/forsjáraðila	Klára uppsetningu upplýsinga hnapps á heimasíðu skólanna um félagsmiðstöð í hverju skólahverfi.	Mars-maí 2023	Deildarstjóri	Ágúst 2023	Að upplýsingahnappur verði aðgengilegur á heimsíðu skólans og forstöðumaður upplifir að foreldrar/forsjáraðilar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Verið að byggja upp miðlægt hópastarf/félagsmiðstöð ,,Félkó,, til að ná til fjölbreyttari hóps unglinga.	Ná betur til fjölbreytt hóps unglinga t.d. með uppbyggingu ,,Hinsegin félagsmiðstöðvar,,	Halda áfram að vinna að uppbyggingu miðlægs hópastarfs og Hinsegin félagsmiðstöðvar.	Mars-Maí 2023	Deildarstjóri Forstöðumaður	Maí 2023	séu betur upplýstari um starfsemi félagsmiðstöðvar. Upplifun starfsfólks og unglinga á fjölbreytti starfi félagsmiðstöðvarinnar. Hægt væri að gera ánægjukönnun
Hafnar eru mælingar á sértæku hópastarfi þar sem m.a. skoðað er hvort að þátttaka í hópastarfi félagsmiðstöðvar bæti líðan, auki virkni o.flr.	Bæta líðan og virkni ungs fólks	Koma á spurningarlistum til hópa í félagsmiðstöðinni, unnið í samvinnu við frístundadeild á menntasviði.	Maí-ágúst 2023	Deildarstjóri Forstöðumaður	Október 2023	Að mælingar á sértæku hópastarfi gefi til kynna að þátttak í hópastarfi félagsmiðstöðvar bæti líðan og virkni ungs fólks.

MANNAUÐUR						
Umbótaþættir	**Markmið með umbótum**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgð**	**Endurmat**	**Viðmið um árangur**
Gera rými og aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar betri og aðgengilegri fleirum.	Að starfsfólk og unglingarnir líði vel í umhverfi félagsmiðstöðvarinnar og hafi gott aðgengi	Gera rými og aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar betri.	Ágúst 2023	Deildarstjóri Forstöðumaður	Maí 2023	Að félagsmiðstöðin hafi betra rými og aðstöðu fyrir bæði starfsfólk og unglinga.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Gera starfsáætlun reglulega sýnilegri starfsfólki og virkja betur til þátttöku við gerð á starfsáætlun starfsstöðvar, og tengja enn betur við stefnur bæjarins.	sem nær til allra á öllum tímum. Að starfsfólk upplifi sig vinna eftir starfsáætlun félagsmiðstöðvar með markvissari hætti.	Að undirbúa betur þátttöku starfsmanna við gerð starfsáætlunar að hausti.	September 2023	Forstöðumaður	Október 2023	Að starfsáætlun endurspegli þátttöku starfsfólks og sé betur tengd við samþykktar stefnur bæjarins.

STAÐARBRAGUR						
Umbótaþættir	**Markmið með umbótum**	**Aðgerðir til umbóta**	**Tímaáætlun**	**Ábyrgð**	**Endurmat**	**Viðmið um árangur**
Vinna með Jemen ráði að gera veggspjöld, myndskeið eða annað þar sem ungt fólk segir frá markmiðum og gildum Jemen félagsmiðstöðvarinnar.	Unglingar og starfsfólk séu betur upplýst um þau gildi sem unnið er eftir í félagsmiðstöðinni.	Starfsfólkið vinnur veggspjöld, myndbönd eða annað í samvinnu við unglingana í Jemen.	Maí 2023	Forstöðumaður	Október 2023	Að stjórnandi upplifi starfsfólk og unglinga meðvitaðri um gildi félagsmiðstöðvarinnar, t.d. hægt að skoða með þjónustukönnun.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026